



Áætlun og verklagsreglur um móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum

Áætlun þessi er sett af sveitarstjóra/hafnarstjóra Blönduóshafnar samkvæmt fyrirmælum í 6. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum.

Almennt um Blönduóshöfn.

Blönduóshöfn er ætlað að þjónusta skipaumferð á Blönduósi. Umsvif hafnarinnar hafa minnkað mikið eftir að vöruslutningar lögðust af og hætt var að dreifa olíu með skipum um landið. Skráð voru 10 smábátar með heimahöfn á Blönduósi árið 2011. Um er að ræða 5 opna fiskibáta og 2 vélskip 0-10 bt, 2 vélskip 11-15 br og 1 vélskip 26-100 br. Fiskiskip sem gerð eru út frá Blönduósi landa almennt öllum afla sínum á Skagaströnd sem liggur nær fiskimiðum enda hefur engum afla verið landað á Blönduósi frá árinu 2010. Fáir fristundabátar eru að nýta höfnina, að jafnaði 1-2 að sumri.

1. gr. Markmið.

Markmið með áætlun þessari er samkvæmt reglugerð nr. 1200/2014 að draga úr losun úrgangs og farmleifa í sjó frá skipum með því að tryggja aðstöðu í höfnum til að taka við úrgangi frá skipum.

2. gr. Gildissvið.

Áætlun þessi gildir um móttöku úrgangs frá öllum íslenskum skipum og um öll önnur skip sem koma til hafnar á Blönduósi, að undanskildum erlendum herskipum, hjálparskipum í flota eða öðrum skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en viðskipta.

Ákvæði 7. og 10. gr. á ekki við um fiskiskip og um skemmtibáta sem mega einungis flytja 12 farþega eða færri.

3. gr. Móttökuaðstaða.

Móttökuaðstaða úrgangs frá höfninni fer fram í samráði við hafnarstarfsmann sem tekur við úrganginum eða leiðbeinir um hvert hann skal fara og skráir magn hans. Á höfninni er staðsett 240 lítra tunna fyrir almennt rusl sem losuð er reglulega. Gámasvæði Blönduósbæjar er við



BLÖNDUÓSHÖFN

Efstubraut 5a þar sem tekið er við almennu sorp, flokkuðu sorpi, spilliefnum og geymir fyrir úrgangsolíu á ákveðnum opnunartímum og eru upplýsingar um það á heimasíðu Blönduósbæjar, www.blonduos.is. Með samningi við verktaka sem annast rekstur gámasvæðisins er hægt að taka við úrgangi utan fasts opnunartíma og eru tryggðar lausnir á öllum öðrum úrgangi sem eðlilegt og heimilt er að skip komi með að landi og losi. Í þeim tilfellum sem losa þarf úrgang á höfn kallar hafnarstarfsmaður eftir gámi til losunar á úrgangi og skráir magn hans.

Losun og ráðstöfun umræddra úrgangsefna fer samkvæmt þeim reglum sem gilda um eyðingu úrgangs. Aðstaða til móttöku úrgangs miðast við þarfir skipa er jafnan koma í höfnina og skal þannig frá henni gengið hverju sinni að skip verði ekki fyrir ótilhlýðilegum töfum. Ekki er fyrir hendi búnaður né ferlar vegna formeðferðar á úrgangi sem berst.

4. gr. Áætlun og verklag.

Árlega er gert ráð fyrir að úrgangur sem berast á land úr skipum og bátum í Blönduóshöfn geti verið allt að 25 kg á ári eða 2 kg/mánuði af almennum úrgangi sem fer til urðunar. Til endurvinnslu fer pappír, plast, járn, úrgangsolía eða spilliefni ef það á við og er að skráð á gámastæði Blönduósbæjar ef við á. Ekki hefur verið tekið við neinum úrgangi á árunum 2014-2018 þar sem um er að ræða afar litla starfssemi en ekki hefur verið landað afla né tekið á móti vörum. Verður verklagið endurskoðað ef breyting verður á umsvifum hafnarinnar. Óheimilt er að kasta sorpi, fiskislógi eða öðrum föstum úrgangi í Blönduóshöfn.

a) Uppruni úrgangs:

Áætlað er að úrgangur skiptist þannig að 80% hans komi frá fiskiskipum. En 20% með öðrum hætti þar með talið frístundabátum.

b) Móttaka:

Notendur hafnarinnar losa sjálfir úrgang á gámasvæði Blönduósbæjar þar sem starfsmaður leiðbeinir um flokkun og skráningu úrgangs. Allur úrgangur sem kemur á gámasvæði er flokkaður í almennan úrgang, spilliefni, pappír, plast, rafmagnsúrgang, brotajárn, netúrgang. Úrgangur frá fyrirtækjum er skráður og er greitt eftir rúmmáli samkvæmt gjaldskrá gámasvæðisins. Starfsmaður hafnarinnar/gámasvæðisins annast skráningu á tegund úrgangs og kemur upplýsingum til Tæknideildar Blönduósbæjar sem heldur utan um upplýsingar um allan úrgang sem berst vegna starfssemi við höfnina og er flokkaður eftir tegundum. Flokkarnir skiptast í



BLÖNDUÓSHÖFN

almennan úrgang, spilliefni og óvirkan úrgang. Sé um að ræða úrgangsoliú er hún skráð og sett í úrgangsoliutank á gámasvæði Blönduósbæjar. Vegna lítillar starfssemi hefur ekki verið tekið á móti úrgangi árin 2014-2018.

Erlend skip losa almennan úrgang í gáma eftir þörfum í samráði við hafnarvörð. Ef magnið er mikið sér hafnarvörður um að útvega sorpgám eða sorpbíl sem sendur er að skipshlið.

Starfsmenn gámasvæðis/hafnar útbúa kvittanir fyrir móttöku sorps frá skipum.

Umboðsmenn flutningaskipa panta uppdælingabíla ef þess er þörf.

Ekki hefur verið tekið á móti skólpi frá skipum í Blönduóshöfn. Ef óskað er eftir slíkri losun sérstaklega útvegar hafnarvörður skolpdælubíl að skipshlið. Erlend skip hafa ekki komið í höfnina frá árinu 2014.

c) Ráðstöfun:

Almennu sorpi af Blönduóshöfn er ráðstafað til urðunar á urðunarstaðnum Stekkjarvík í Blönduósbæ.

Útgerðir skipa sjá um að losa spilliefni, olíur, járnstykki og stærri hluti á móttökustöð úrgangs við Efstubraut 5a. Útgerðir sjá um að afsetja veiðarfæri og að panta uppdælingabíla til losunar á úrgangsoliúm.

Úrgangsoliú er ráðstafað til endurvinnslustöðva með milligöngu olíufélaganna.

Spilliefnum er ráðstafað til eyðingar samkvæmt samningi við Gámaþjónustuna ehf.

d) Eftirlit með úrgangsflokkum:

Hafnarvörður hefur eftirlit með að spilliefnum, olíum eða öðru sem flokka skal sérstaklega sé ekki hent í almenna sorpgáma heldur ráðstafað til sérstakrar meðhöndlunar eða eyðingar.


e) Gjaldtaka:

Gjaldtaka er samkvæmt gjaldskrá Blönduóshafnar sem er birt á netfangi Blönduósbæjar, www.blonduos.is

Fiskiskip greiða fyrir losun eftir magni. Rukkað er sérstaklega ef hreinsa þarf bryggjur svo og aukalega ef panta þarf bíl eða sorpgám.

f) Vanbúnaður:

Kvörtunum um vanbúnað og skýrslugjöf um það sem miður kann að fara skal skilað til hafnarstjóra ef þurfa þykir. Ef skipstjóri, eigandi eða umboðsmaður skips eða aðrir notendur hafnarinnar vilja koma á framfæri ábendingum um hvað betur má fara eða bera fram kvartanir vegna þjónustu



BLÖNDUÓSHÖFN

hafnarinnar, s.s. vegna ófullnægjandi móttökuaðstöðu fyrir úrgang, skal viðkomandi snúa sér til hafnarstarfsmanna. Einnig getur viðkomandi sent inn skriflegt erindi eða kvörtun til hafnarstjóra á netfangið blonduos@blonduos.is. Brugðist verður við ábendingum og kvörtunum eins fljótt og kostur er. Telji viðkomandi umkvörtunarefnið vera þess eðlis að vekja þurfi athygli umhverfisfyrvalda á því, ber honum að senda athugasemd til Umhverfisstofnunar á netfangið ust@ust.is.

Ábendingum um ófullnægjandi móttökuaðstöðu í höfnum má koma á framfæri við Umhverfisstofnun með því að fylla út þar til gert eyðublað á heimasíðu stofnunarinnar:

<http://ust.is/atvinnulif/haf-og-vatn/mengun-fra-skipum/#Tab4>

Eyðublaðið er einnig að finna á enskri útgáfu á heimasíðunnar:

<https://www.ust.is/default.aspx?pageid=504d0e73-421b-11e7-941e-005056bc2afe>

g) Samráð, samstarfsaðili:

Samráð er haft við notendur hafnarinnar varðandi umgengi við sorpgáma og meðhöndlun úrgangs. Samningur er við Gámaþjónustuna /Sorprehreinsun VH ehf. um losun gáma á hafnarsvæðinu ef þörf krefur og fer losun fram með reglubundnum hætti en aukalosanir samkvæmt beiðni starfsmanna. Áætlun er aðgengileg á heimsíðu Blönduósbæjar, www.blonduos.is.

6. gr. Tilkynningar.

Skipstjóri skips, sem er á leið til hafnar ber ábyrgð á að eyðublað um úrgang og farmleifar í skipum, sbr. viðauka II í reglugerð 1200/2014, sé fyllt út með réttum upplýsingum og að koma því til starfsmanns hafnarinnar.

Blönduóshöfn ber því ekki ábyrgð á að aðla annarra gagna um farmleifar um borð í skipum en samkvæmt fyrirmælum reglugerðar.

Þegar SafeSeaNet tilkynningar berast er farið yfir tilkynningarnar og athugað hvort tilkynningin er rétt útfyllt og hvort skila eigi úrgangi í land. Ef misræmi er í upplýsingum í tilkynningu eða hún rangt útfyllt, er haft samband við skipstjóra/umboðsmann skips og farið fram á að send verði ný leiðrétt tilkynning.

Ef fyrirhugað er að setja úrgang eða farmleifar í land er brugðist við með viðeigandi hætti. Þegar misræmi er milli þess sem kemur fram í tilkynningu og raunverulegu magni úrgangs sem sett er í land þá gerir hafnarstarfsmaður athugasemd við skipstjóra/umboðsmann skips og fer fram á leiðréttingu. Ef misræmi er ítrekað hjá sama skipi eða tilkynning rangt útfyllt þá tilkynnir hafnarstarfsmaður það til Umhverfisstofnunar eða Samgöngustofu (hafnarríkiseftirlits).



BLÖNDUÓSHÖFN

Hafnarstjóri skal fyrir 1. mars ár hvert senda Umhverfisstofnun samantekt á þeim tilkynningum um úrgang og farmleifar sem þeim hafa borist árið á undan.

7. gr. Ábyrgð.

Ábyrgðaraðili á rekstri hafnar er sveitarstjóri Blönduósbæjar sem er jafnframt hafnarstjóri og starfar í umboði sveitarstjórnar Blönduósbæjar og hafnarnefndar Blönduóshafnar. Hafnarvörður ber ábyrgð á að almennum verklagsreglum um meðhöndlun úrgangs og skráningu sé fylgt. Eigandi hafnarinnar er Blönduósbær.

8. gr. Endurskoðun áætlunar

Ekki eru fyrirhugaðar breytingar á vinnulagi sorpmála við Blönduóshöfn á næstunni nema til komi meiriháttar breytingar á rekstri eða starfssemi hennar. Næsta endurskoðun á áætluninni fer fram árið 2021.

9. gr. Lög og reglugerðir sem við eiga

Eftirsandi lög og reglugerðir eiga við um móttöku og meðhöndlun úrgangs frá skipum:

[Lög nr. 33/2004](#) um varnir gegn mengun hafs og stranda.

[Reglugerð nr. 1200/2014](#) um móttöku úrgangs og farmleifum frá skipum.

[Reglugerð nr. 586/2017](#) um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL – samningur).

[Lög nr. 55/2003](#) um meðhöndlun úrgangs.

[Reglugerð nr. 737/2003](#) um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum [969/2014](#).

[Reglugerð nr. 806/1999](#) um spilliefni með síðari breytingum [169/2012](#).

[Reglugerð nr. 809/1999](#) um olíuúrgang með síðari breytingum [673/2011](#)

[Reglugerð nr. 1201/2014](#) um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum.

UMHVERFISSTOFNUN
Suðurlandsbraut 24 - 108 Reykjavík
Sími 591-2000 - Fax 591-2010
Kt. 701002-2880
Sigr. Karl

Blönduós, 12. desember 2018

Valdimar O. Hermannson, sveitarstjóri

